

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Sent með tölvupósti á: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Reykjavík, 27. Apríl 2022

## Umsögn Landverndar um aðalskipulag Rangárþings eystra

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér aðalskipulag fyrir Rangárþing eystra. Á skipulagssvæði sveitafélagsins eru mörg verðmæt náttúrusvæði eins og Þórsmörk og vinsælar gönguleiðir. Stjórnin telur að sveitafélagið standi sig almennt vel í að standa vörð um þessi svæði en telur að í nýju aðalskipulagi skorti á sterka og ákveðna framtíðarsýn fyrir aukna vernd svæðanna.

Stjórn Landverndar telur sérlega mikilvægt og jákvætt að ekki eru nein ákveðin áform um vindorkuver innan sveitafélagsins sett á dagskrá. Landvernd hefði viljað sjá að skýr afstaða hefði verið tekin til þess að hafna vindmyllum á friðlýstum svæðum þar með svæðum á náttúruminjaskrá enda hafa þær mjög neikvæð áhrif á ásýnd og landslag.

### Sértækar athugasemdir

#### *Óbyggð viðerni og verðmæt náttúrusvæði*

Á skipulagssvæði Rangárþings eystra eru mörg einstök náttúrufrirbrigði sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum, eru á náttúruminjaskrá eða friðlýst. Sterkari áhersla á þau einstöku náttúruverndarsvæði sem eru innan sveitafélagamarkanna og áform um að efla vernd þeirra skortir verulega í aðalskipulaginu. Landvernd telur mikilvægt að hefðbundnar nýttjar á þeim svæðum verði háðar skilyrðum um sjálfbærni. Það á bæði við um beit og veiðar á t.d. rjúpu.

#### *Friðlýsingar skv. rammaáætlun*

Stjórn Landverndar telur eðlilegt að sveitafélagið beiti sér að krafti fyrir því að farið verði að lögum um vernd og orkunýtingu landsvæðan 48/2011 og að vatnasvið Markarfljóts verði friðlýst fyrir orkuvinnslu. Í umhverfisskýrslu og forsendum (bls. 60) kemur fram að ekki hafi náðst samkomulag um afmörkun svæðisins en gríðarlega mikilvægt er að þetta gangi eftir lögum samkvæmt. Þá bendir Landvernd á að þær friðlýsingar sem þegar hafa gengið í gegn samkvæmt þessum lögum hafa aðeins náð til stærri virkjana en stjórnin telur það ekki í samræmi við lögin. Friðlýsa á svæðin fyrir *allri* orkuvinnslu, en ekki bara fyrir stórum virkjunum<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup>[Tryggjum faglega ákvarðanatöku rammaáætlunar \(landvernd.is\)](#)  
[Umsögn: Óafturkræf umhverfisáhrif "smá"virkjana geta verið veruleg - Landvernd](#)

### *Laugarvegurinn*

Það vantar heildarstefnumörkun fyrir Laugarveginn, æskilegan fjölda gesta og gistirýma. Stjórn Landverndar vill beina því til sveitafélagsins að beita sér fyrir slíkri stefnumörkun með öðrum aðilum eins og Rangárþingi ytra, Ferðafélagi Íslands og Umhverfisstofnun.

Stjórn Landverndar telur hæpið að nýta 12 ára gamla ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdir í Emstrum skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum gildi enn. Svæðið er mjög viðkvæmt fyrir raski og stjórn Landverndar beinir þeirri spurningu til Skipulagsstofnunar hvort stofnunin telji þetta í samræmi við skipulagslög og lög um mat á umhverfisáhrifum.

### *Vindorkuver*

Það er mjög jákvætt að ekki eru settar inn í aðalskipulag hugmyndir um vindorkuver enda eru engin vindorkuver sem hafa farið í gegnum rammaáætlun á skipulagssvæði sveitafélagsins. Þó telur Landvernd að í umfjöllun um vindorkuver í forsendum og umhverfisskýrslu þurfi að taka skýrt af skarið með hvar vindorkuver eru útilokuð eins og á svæðum sem njóta verndar. Landvernd bendir á gátlista sinn í riti sínu um vindorkuver<sup>2</sup>.

### *Efnistökusvæði*

Efnistökusvæði eru mörg og sum með miklar heimildir. Ástæða er til að skoða þær heildstætt og athuga áhrif þeirra saman á umhverfi og upplifun af sveitafélaginu.

### **Lokaorð**

Stjórn Landverndar telur að í aðalskipulagi fyrir sveitafélag sem svo ríkt er af verðmætum náttúrusvæðum skorti á afgerandi afstöðu til verndar og endurheimtar á þeim.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

---

<sup>2</sup> [Virkiun vindorku á Íslandi - Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög - Landvernd](#)

